

Mál nr. 256/2022

Nafn málskotsaðila (M)

Nafn varnaraðila (V)

Heiti vátryggingar: slysatrygging launþega

Heiti vátryggingar: Ábyrgðartrygging ökutækis A

Skráningarnúmer ökutækis A og B

Orsakatengsl. Sönnun.

Gögn.

1. Málskot móttakið 25. ágúst 2022, ásamt fylgiskjöllum.
2. Bréf V dags. 16. september 2022, ásamt fylgiskjöllum.

Málsatvik.

Í málskoti kemur fram að M hafi orðið fyrir slysi 2. júlí 2020 þegar bifreiðin A bakkaði inn í hlið bifreiðarinnar B sem M ók. V hafnaði bótaskyldu og vísaði til PC-crash skýrslu sem sýndi að áreksturinn hafi verið mjög vægur og að ekki væri nægileg sönnun um orsakatengsl milli atburðar og tjóns. Nánar er tilgreint í málskotinu að áreksturinn hafi orðið á bílastæði þar sem M ók um. M hafi leitað á læknavaktina strax eftir slysið en ekki hafi greinst mikil einkenni eftir slysið. 5. ágúst hafi M svo leitað á heilsugæsluna vegna verkja í öxlum eftir slysið og nokkrum dögum síðar í efri hluta baks og í hálsi. Við skoðun fundust þreifiefmsli og var M í áframhaldandi lækni meðferðum vegna slyssins og hitti bæklunarskurðlækni vegna verkja í baki, hálsi og herðum. Þá var hún í meðferð hjá sjúkráþjálfara. Matsgerð vegna slyssins var gefin út 20. september 2021 og kom V athugasemdum sínum á framfæri við matsmenn. Í matinu er komist að þeirri niðurstöðu að orsakatengsl séu á milli áverka M og slyssins og bent er á að PC-crash skýrslan sé haldin verulegum ágalla þar sem einungis var mynd af annarri bifreiðinni. M var metin til 5% varanlegrar örorku og 5 stiga miska. M bendir á að matsgerðin byggji á viðtölum og gögnum máls sem beri með sér að M hafi hlotið áverka í slysinu. Þá liggi fyrir að M hafði ekki sögu um stoðkerfisverki fyrir slysið.

Í bréfi V kemur fram að V telur að krafturinn í tjónsatburðinum hafi ekki verið nægur til þess að valda skaða á líkama málskotsaðila. Líta beri til þess að skemmdir hafi verið mjög litlar á B og fjölmargar rannsóknir hafi sýnt að þegar um vægt högg sé að ræða eins og í þessu tilfelli sé ómögulegt að ökumaður eða farþegar verði fyrir varanlegu líkamstjóni. V tekur fram að engin mynd sé af A þar sem ökutækið hafi ekki orðið fyrir tjóni. Að lokum gerir V þær athugasemdir við matsgerðina að ekki sé tekið tillit til sögu M um eldra umferðarslyss og að M hafi kvartað yfir bakverkjum árið 2018 og að matsmenn hafi ekki tekið inn í matið á orsakatengslum niðurstöðu PC-crash skýrslunnar.

Álit.

Ágreiningur þessa máls varðar það hvort líkamleg einkenni M megi rekja til árekstursins hinn 9. október 2017. Hvað varðar hraða- og höggútreikning í svokallaðri PC-crash skýrslu verður ekki litið framhjá því að hennar er einhliða aflað af V. Þó skýrslan lýsi litlum þyngdarkrafti árekstursins verða ekki dregnar víðtækar almenningar ályktanir af sönnunargagni sem er einhliða aflað eða án þess að litið sé til annarra gagna. Það liggur fyrir að það varð tjón á bifreið M en ekki bifreiðinni A. Meginreglur um sönnun í skaðabóta- og vátryggingarétti gera ráð fyrir því að tjónþoli verði að sýna fram á tjón sitt og leggja fram fullnægjandi gögn því til sönnunar. Í málinu liggur fyrir matsgerð sem M aflaði og V fékk tækifæri til að koma athugasemdum. Matsgerðin er unnin af lækni og lögmanni og er sjúkdóms- og meðferðarferill M rakinn þar. Niðurstaða matsmanna er að M hafi hlotið tognunaráverka á háls og brjóstbak og að einkenni megi rekja til slyssins og að um varanlegan miska og örorku sé að ræða eins og að framan greinir. Engin lækni- og fræðileg gögn liggja fyrir, svo sem skoðunar- eða álitsgerð, sem með einhverju móti draga þessar niðurstöður matgerðarinnar í efa. Við svo búið eru ekki fyrir hendi nægilegar forsendur til að ganga fram hjá niðurstöðu fyrirbyggjandi matsgerðar um að M búi við varanleg einkenni af völdum slyssins. Samkvæmt þessu telst M hafa orðið fyrir líkamstjóni sem er bótaskyld úr ábyrgðartryggingu A hjá V.

Niðurstaða.

M á rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu A hjá V.

Reykjavík, 18. október 2022.

Sóley Ragnarsdóttir

Hildigunnur Hafsteinsdóttir

Heiða Óskarsdóttir